

Nd.

172. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 31. maí 1927, um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði.

Frá allsherjarnefnd.

Orðin „sem ríkið rekur“ í lagagr. falli burt.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt samkv. ósk landlæknis og lætur hann fylgja því eftirfarandi athugasemdir:

Lög þau, sem hér er farið fram á að breyta, heimila sérstakar ráðstafanir til rannsókna á banameinum sjúklinga, sem deyja á sjúkrahúsum, er ríkið rekur. Það hefir höfuðþýðingu fyrir alla þekkingu manna á sjúkdómum, að sem nánustum, áreiðanlegustum og almennustum skýrslum sé safnað um banamein þeirra, sem deyja, en mjög getur farið á milli mála um hinar raunverulegu dánarorsakir, án sérstakra rannsókna þar að lútandi í hverju einstöku tilfelli. Þar sem slíkum rannsóknum yrði nú komið við á fleiri sjúkrahúsum en ríkið rekur, þykir ekki ástæða til að binda heimildina til að gera sérstakar ráðstafanir í þessum efnum við þau sjúkrahús ein, og er það tilefni þess, að þetta frv. er flutt.